



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 7. júlí 2021.
Málsnr. 2003010
PBG/HH

Efni: Samgöngusáttmálinn – fjármagnsskipan Betri samgangna ohf.

Á 527. fundi stjórnar SSH, hinn 5. júlí 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010


Framhald umræðu frá fyrri fundum stjórnar SSH. Fyrir liggja endanleg drög að samningi um fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. en á 525. fundi stjórnar SSH var formanni og framkvæmdstjóra falið að ljúka viðræðum um samninginn á grundvelli fyrirbyggjandi draga og framkvæmdastjóra í kjölfarið falin undirritun hans. Jafnframt liggur fyrir minnisblað borgarborgara Reykjavíkurborgar dags. 30. mars 2021, um reikningshaldslega meðferð greiðslna vegna Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra er falin undirritun fyrirbyggjandi samnings um fjárhagsskipan Betri samgangna ohf. Þá verði samningurinn ásamt viðauka sendur aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Samningur um fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. ásamt viðauka.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) f.h. ríkisins (“ríkið”) og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (“SSH”) f.h. Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar (“sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu”) (ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameiginlega nefnd “hluthafarnir”) annars vegar og Betri samgöngur ohf. hins vegar (“Betri samgöngur” eða “fyrirtækið”) (saman „aðilar“) gera með sér eftirfarandi

SAMNING

UM FJÁRMAGNSSKIPAN BETRI SAMGANGNA OHF.

1. FJÁRMAGNSSKIPAN

- 1.1. Samningur þessi um fjármagnsskipan Betri samgangna er gerður á grundvelli 3. og 6. gr. samkomulags ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 (hér eftir nefnt „Samgöngusáttmálinn“) og 6. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Samningnum er ætlað að ramma inn samkomulag milli fyrirtækisins og hluthafa um fyrirkomulag og meðferð áætlaðra framlaga hluthafa vegna verkefnisins hjá aðilum, ásamt öðrum tæknilegum atriðum. Samningurinn felur ekki í sér sjálfstæða skuldbindingu um framlög hluthafa umfram það sem fram hefur komið í Samgöngusáttmálanum eða lögum um stofnun fyrirtækisins.
- 1.2. Við stofnun Betri samganga nam **stofnfé** þess **4.000.000 kr.** (fjórum milljónum króna) og skiptist þannig milli hluthafanna að ríkið lagði fyrirtækinu til 75% hlutfjár sem nam 3.000.000 kr. (þremur milljónum króna) og sveitarfélögin lögðu sameiginlega til 25% hlutafjár sem nam 1.000.000 kr. (einni milljón króna), sem skiptist á milli þeirra í hlutfalli við íbúafjölda þeirra. Hluthafarnir eru sammála um að innbyrðis eignarhlutföll í fyrirtækinu kunna að taka breytingum á gildistíma Samgöngusáttmálans í samræmi við aukin hlutafjárframlög.
- 1.3. **Bein árleg framlög** ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til félagsins vegna umsaminna framkvæmda eru skilgreind í a- og d-lið 3. gr. Samgöngusáttmálans. Sveitarfélögin skipta með sér sínum hluta framlaganna miðað við íbúafjölda sveitarfélaganna 1. desember árið á undan. Framlögnum er ætlað að standa undir framkvæmdakostnaði vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans, þar með talið rekstri fyrirtækisins. Bein framlög ríkisins og sveitarfélaganna og flýti- og umferðagjöld taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun, sbr. 3. mgr. 3. gr. Samgöngusáttmálans. Gerð er grein fyrir tæknilegri útfærslu á þessum þætti í viðauka, ásamt uppreiknuðum framlögum, greiðsluáætlun og uppgjöri fyrir árin 2019 til 2021. Betri samgöngur innheimta bein framlög frá ríki og sveitarfélögum ársfjórðungslega fyrir fram sbr. grein 1.4. Betri samgöngur skulu senda fulltrúum hluthafa, ríki og SSH, uppfærða sjóðstreymisáætlun fyrir komandi ár eigi síðar en fyrir lok ágúst hvers árs. Betri samgöngur senda fulltrúum hluthafa aðrar upplýsingar þegar eftir því er óskað. Gjaldldagi beinna framlaga er síðasti virki dagur fyrsta mánaðar hvers ársfjórðungs.
- 1.4. Betri samgöngur reiknar út árleg framlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins samkvæmt grein 1.3. Útreikningarnir skulu sendir ríkinu og SSH til yfirferðar og staðfestingar.

Betri samgöngur og SSH koma sér nánar saman um fyrirkomulag innheimtu gagnvart sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, eins og þurfa þykir.

- 1.5. Ríkið leggur Betri samgöngum til **hlutafé** í formi lands í eigu ríkisins (Keldnaland) sbr. b-liður 3. gr. Samgöngusáttmálans. Samkvæmt 7. gr. l. nr. 81/2020 skal fyrirtækið með sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðherra taka við umræddu landi ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast og skal ábatanum varið til fjármögnunar á umsömdum framkvæmdum. Skal samningur milli aðila um landið liggja fyrir áður en hlutafjárukning er framkvæmd. Skal samningi og innborgun hlutafjár vera lokið eigi síðar en fyrir lok ársins 2021.
- 1.6. Fyrirtækið verður jafnframt fjármagnað með tekjum ríkisins af **flýti- og umferðargjöldum**, ákveði Alþingi að leggja slík gjöld á með lagasetningu, skv. 4. gr. Samgöngusáttmálans og viðauka 1 við hann. Gert er ráð fyrir að þessar tekjur taki breytingum með sama hætti og bein framlög ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt grein 1.3 og 3. mgr. 3. gr. Samgöngusáttmála.
- 1.7. Lántökum fyrirtækisins, sem eru háðar því skilyrði að ríkissjóður veiti fyrirtækinu lán eða veiti ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila, er fyrst og fremst ætlað að tryggja viðunandi sjóðstreymi til fyrirtækisins í samræmi við gildandi framkvæmda- og fjárstreymisáætlun innan framkvæmdatímabilsins. Betri samgöngur hefja undirbúning eigi síðar en 1. október 2021 að fjármögnun fyrir fyrirtækið í samvinnu og samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem leita þarf eftir viðeigandi heimildum á fjárlögum, í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega fjármögnun framkvæmda Samgöngusáttmálans fyrir árið 2022 og til lengri tíma miðað við fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans.
- 1.8. Raskist forsendur verkefnisins þannig að ekki verði unnt að fjármagna verkefni skv. framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka Samgöngusáttmálans vísast til i-liðar 3. gr. Samgöngusáttmálans.
- 1.9. Í samningi þessum eru grunnviðmið varðandi endanlega fjármagnsskipan fyrirtækisins sett fram í samræmi við h-lið 3. gr. Samgöngusáttmálans. Í sjóðstreymisáætlun sem send er árlega til hluthafa samkvæmt grein 1.3. skal gerð grein fyrir fjárþörf umfram framlög hluthafa og mögulega lántöku og hvernig hluthafar og eftir atvikum fyrirtækið geta tryggt að framkvæmdir verði unnar í samræmi við framkvæmdaáætlun.

2. EIGNFÆRSLA MANNVIRKJA

- 2.1.** Bein framlög ríkis og sveitarfélaga samkvæmt grein 1.3 og framlög tekna af flýti- og umferðargjöldum samkvæmt grein 1.6., skulu færast á efnahagsreikning fyrirtækisins sem skuld við eigendur þeirra verkefna sem framlögin eiga að fjármagna. Á móti mun fyrirtækið færa handbært fé og eignir í formi verka í vinnslu. Þegar verkefni er að fullu lokið er viðkomandi samgöngumannvirki fært af efnahagsreikningi fyrirtækisins og afhent viðkomandi hluthöfum ásamt því að skuld við viðkomandi aðila verður færð niður á móti.

Samningur þessi er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. júlí 2021.

F.h. ríkisins

SSH, f.h. Reykjavíkurborgar,
Hafnarfjarðarkaupstaðar,
Kópavogsbæjar, Garðabæjar,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar

F.h. Betri samgangna ohf.

Sigurður H. Helgason,
skrifstofustjóri (FJR)

Páll Björgvin Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Davíð Þorláksson,
framkvæmdastjóri

Viðauki við samkomulag ríkis, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Betri samgangna ohf. um fjármagnsskipan félagsins frá 6. júlí 2021

Bein framlög aðila og flýti- og umferðargjöld sbr. samgöngusáttmála

Bein framlög aðila og flýti- og umferðargjöld taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun, sbr. 3. mgr. 3. gr. Samgöngusáttmálans. Skv. upplýsingum frá Vegagerðinni/Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu er eðlilegt að félagið miði við grunnvísitölu 17.200 við uppreikningin.

Uppreiknuð greiðsluáætlun 2019 - 2021

Áætlað uppreiknað framlag hvers árs miðast við nýjustu vísitölu áætlana Vegagerðarinnar og skal liggja fyrir 20. ágúst hvers árs. Þegar meðaltalsvísitala hvers árs liggur fyrir skal fyrirtækið reikna hve mikið vantaði upp á framlag ársins og bæta því við áætlað framlag næsta árs. Uppreiknuð greiðsluáætlun vegna þessara liða er hér að neðan og gildir fyrir árin 2019 – 2021, en skoðast sem fyrirmynd fyrir aðrar greiðsluáætlanir á gildistíma Samgöngusáttmálans.

Uppgjör á framlögum 2019 til 2021

Höfuðstóll árlegra beinna framlaga ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar vegna árána 2019 og 2020 hefur verið greiddur en verðbótaþáttur framlaganna 2020 er ógreiddur. Ríki, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær gera upp verðbæturnar með einni greiðslu til Betri samgangna á gjalddaga 30. september 2021, sbr. greiðsluáætlun hér að neðan.

Höfuðstóll árlegra beinna framlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar vegna ársins 2020 hefur verið greiddur. Fyrirgreind sveitarfélög hafa hvorki greitt framlög vegna ársins 2019 né verðbótaþátt framlaganna 2020. Samkomulag er um að þau greiði útistandandi framlög sín vegna ársins 2019 í tveimur jafnháum greiðslum. Þá fyrri á gjalddaga 30. september 2021 og þá síðari á gjalddaga 30. apríl 2022. Verðbótaþáttur vegna 2020 skal greiddur á gjalddaga 30. september 2021. Sjá greiðsluáætlun hér að neðan.

Höfuðstóll árlegra beinna framlaga ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrsta og annars ársfjórðungs ársins 2021 hefur ekki verið greiddur en skulu greiðast Betri samgöngum eigi síðar en 12. júlí 2021, sbr. útreikningur hér að neðan

Hluthafi	Ógreidd framlög Í árslok 2020	Ógreiddar verðbætur 2020	Áætluð framlög 2021	Alls til greiðslu
Ríkið	-	79.883.721	2.079.883.721	2.159.767.442
Reykjavíkurborg	1.784.187	22.502.858	586.578.194	610.865.239
Kópavogsbær	- 1.046.322	6.509.298	168.286.514	173.749.490
Seltjarnarnesbær	20.444.381	809.716	20.894.324	42.148.421
Garðabær	71.452.106	2.903.927	77.816.382	152.172.414
Hafnarfjarðarkaupstaður	130.840.017	5.145.187	131.038.770	267.023.974
Mosfellsbær	50.140.629	2.070.875	55.327.676	107.539.180
	273.614.998	119.825.581	3.119.825.581	3.513.266.160

Greiðsluáætlun

Hluthafi	20.5.2021	30.7.2021	1.10.2021	29.10.2021	1.5.2022	Alls
Ríkið	1.039.941.860	519.970.930	79.883.721	519.970.930	-	2.159.767.442
Reykjavíkurborg	293.289.097	146.644.549	24.287.045	146.644.549	-	610.865.239
Kópavogsbær	84.143.257	42.071.629	5.462.976	42.071.629	-	173.749.490
Seltjarnarnesbær	10.447.162	5.223.581	11.031.906	5.223.581	10.222.191	42.148.421
Garðabær	38.908.191	19.454.095	38.629.979	19.454.095	35.726.053	152.172.414
Hafnarfjarðarkaupstaður	65.519.385	32.759.693	70.565.195	32.759.693	65.420.008	267.023.974
Mosfellsbær	27.663.838	13.831.919	27.141.189	13.831.919	25.070.314	107.539.180
	1.559.912.791	779.956.395	257.002.013	779.956.395	136.438.566	3.513.266.160

Skýring: Í töflunni hér fyrir neðan er búið að gera grein fyrir þeim greiðslum sem farið hafa til verkefna samgöngusáttmálans

	2019		2020		Eftirstöðvar 2020		2021	
	Álagt	Greitt	Álagt	Greitt	Alls	þar af verðbætur	álagt	til greiðslu*
Ríkið	2.000.000.000	2.000.000.000	2.079.883.721	2.000.000.000	79.883.721	79.883.721	2.079.883.721	2.159.767.442
Reykjavíkurborg	565.044.862	136.051.000	585.893.183	990.600.000	24.287.045	22.502.858	586.578.194	610.865.239
Kópavogsbær	162.107.352	9.999.000	169.478.625	316.124.001	5.462.976	6.509.298	168.286.514	173.749.490
Seltjarnarnesbær	20.473.022	-	21.082.076	20.301.001	21.254.097	809.716	20.894.324	31.926.230
Garðabær	71.449.265	-	75.607.767	72.701.000	74.356.032	2.903.927	77.816.382	116.446.361
Hafnarfjarðarkaupstaður	130.770.109	-	133.962.096	128.747.000	135.985.204	5.145.187	131.038.770	201.603.965
Mosfellsbær	50.155.391	-	53.918.113	51.862.000	52.211.504	2.070.875	55.327.676	82.468.866
	3.000.000.000	2.146.050.000	3.119.825.581	3.580.335.002	393.440.579	119.825.581	3.119.825.581	3.376.827.594

* Til greiðslu 2021 er álagning 2021, verðbætur 2020 og hálfar eftirstöðvar 2019/2020 hjá Garðabæ, Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi.

	12.7.2021	30.7.2021	30.9.2021	30.10.2021	1.5.2022	Alls
Ríkið	1.039.941.860	519.970.930	79.883.721	519.970.930		2.159.767.442
Reykjavíkurborg	293.289.097	146.644.549	24.287.045	146.644.549		610.865.239
Kópavogsbær	84.143.257	42.071.629	5.462.976	42.071.629		173.749.490
Seltjarnarnesbær	10.447.162	5.223.581	11.031.906	5.223.581	10.222.191	42.148.421
Garðabær	38.908.191	19.454.095	38.629.979	19.454.095	35.726.053	152.172.414
Hafnarfjarðarkaupstaður	65.519.385	32.759.693	70.565.195	32.759.693	65.420.008	267.023.974
Mosfellsbær	27.663.838	13.831.919	27.141.189	13.831.919	25.070.314	107.539.180
	1.559.912.791	779.956.395	257.002.013	779.956.395	136.438.566	3.513.266.160